# Menningarmál

Reykjanesbær 28.3.2022

## Varðar: Árlegt átak Reykjanesbæjar í fegrun bæjarins

Átakið yrði kynnt vel og á jákvæðan hátt, á öllu samfélagsmiðlum, á fréttamiðlum og með dreifibréfum á nokkrum tungumálum. Kalka höfð opin í nægan tíma fyrir átakið og að það væri bæjarbúum að kostnaðarlausu að losa sig við rusl.

Bæjarbúar, þeir sem þurfa fái aðstoð hjá bænum gætu óskað eftir því td. frá unglingavinnunni, atvinnulausum, eldri borgurum ofl.

Hvetja bæjarbúa til að:

- Hreinsa lóðir við heimilin sín
- Taka í burtu ónýt grindverk
- Mála utandyra sem þarf að mála
- Tína upp rusl í nærumhverfi sínu og það rusl sem verður á vegi okkar.

Það sem snýr að Reykjanesbæ sjálfum:

- Fjarlægja gamlar rústir (Gamlir skúrar efst á Sólvallargötu)
- Mála og merkja gangbrautir, bílastæði oþh.
- Laga illa farnar gangstéttir
- Laga skökk, ljót og of lág umferðamerki (sum eru hættuleg gangandi vegfærendum)
- Mála Baldur KE
- Fjölga Útitækjum og bekkjum
- Fara yfir tæki á leikvöllum. Setja niðurföll við leikvelli svo unnt sé að nýta þá að vetralagi og í rigningartíð án þess að hafa áhyggjur af því að börnin drukkni í pollum, eða að þau skelli á hnakkann þegar svellið er sem mest.

Falleg ásýnd, snyrtilegur bær segir mikið um fólkið sem hér býr og hefur einnig áhrif á verðgildi eigna okkar. Það er hægt að gjaldfella gott samfélag með slæmir umgengi og litlu viðhaldi.

*Tökum öll höndum saman og gerum góðan bæ fallegri.*

Með vinsemd

María S. Helgadóttir

María Sjöfn Helgadóttir